## Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. (SVÁ)

Ár 2026, mánudaginn 2. nóvember var haldinn fundur í stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. (SVÁ). Fundurinn var haldinn að Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi og hófst kl. 8:30. Þessi sátu fundinn; Hulda Kristjánsdóttir formaður, sveitarstjóri Flóahrepps, Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri Hrunamannahrepps, Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri Bláskógabyggðar, Fjóla Steindóra Kristinsdóttir sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps og Sylvía Karen Heimisdóttir sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Fundarritari var Hallur Símonarson, forstöðumaður SVÁ.

## Þetta gerðist

1. Lagt fram erindi frá innviðaráðuneytinu dags. 27. f.m. með ósk um gögn og umsögn ásamt viðhengdu erindi frá Búsetufrelsi dags. 8. mars sl. varðandi einstaklinga með ótilgreint lögheimili.
   Samþykkt að fela formanni og forstöðumanni SVÁ að hefja vinnu við samantekt gagna og umsagnar er verði lögð fyrir stjórn SVÁ eigi síðar en 17. þ.m.
2. Lagt fram minnisblað forstöðumanns SVÁ dags. 26. f.m. – Þróun og áætlun um mönnun SVÁ árið 2027.
   Hallur Símonarson vék af fundi undir umfjöllun um þennan lið og Aldís Hafsteinsdóttir tók við fundarritun.
   Stjórn samþykkir framlagða tillögu um mönnun starfseminnar vegna ársins 2027 þar sem gert er ráð fyrir 12,67 stöðugildum. Þar meðtalin er 100% staða forstöðumanns sem Hallur Símonarson gegnir í dag. Stjórn felur formanni stjórnar að bjóða Halli fastráðningu.

   Hallur Símonarson tók aftur sæti á fundinum.

   Jafnframt samþykkir stjórn að óska eftir að starfslýsingar starfsfólks SVÁ verði lagðar fyrir næsta fund stjórnar til kynningar.

3. Lagt fram minnisblað forstöðumanns SVÁ dags. 26. þ.m. – Stefnumótun SVÁ – frá vinnustofu 2023 til framkvæmda 2026.
   Bókun: Stjórn óskar eftir að fá yfirlit fyrir innleiðingu á nýju skjalakerfi Coredata og þeirri vinnu sem framundan er.
4. Lagt fram óendurskoðað rekstraryfirlit SVÁ fyrir tímabilið 1. janúar 2026 – 30. september 2026 ásamt útkomuspá fyrir árið 2026.
5. Lagt fram bréf forstöðumanns SVÁ dags. 29. f.m. með ósk um viðauka við fjárhagsáætlun 2026.
   Stjórn samþykkir ósk um viðauka og vísar honum til afgreiðslu hjá aðildarsveitarfélögunum.
6. Lögð fram fjárhagsáætlun SVÁ 2027 ásamt þriggja ára áætlun 2028–2030
   Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2027 og vísar henni til aðalfundar.
   Lögð fram svohljóðandi bókun stjórnar: Stjórn óskar eftir því að tekin verði staða á akstri og öðrum sérfræðikostnaði eftir fyrsta ársfjórðung 2027.
   Kl. 9:57 vék Sylvía Karen Heimisdóttir af fundi
   Lögð fram svohljóðandi bókun Fjólu St. Kristinsdóttur:
   Ég óska eftir því að SVÁ geri greiningu á því hve mikill hluti starfa ráðgjafa velferðarþjónustu snýst um vinnu vegna skjólstæðinga með SIS mat.

**Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 10:08**